



Fjaraskiptastofa

Ákvörðun nr. 13/2022

Óumbeðin fjarskipti Votta Jehóva á Íslandi.
(mál nr. 2022080013)

I.

Erindin

(1) Fjaraskiptastofu (hér eftir FST) bárust tvær kvartanir, dags. 4. og 8. júlí 2022, frá [...] og [...]¹ vegna óumbeðinna fjarskipta á vegum Votta Jehóva á Íslandi (hér eftir einnig trúfélagið).

(2) Kvartanirnar snúa að óumbeðnum fjarskiptum trúfélagsins í formi símtala í símanúmer kvartenda sem bæði eru bannmerkt í símaskrá. Í kvörtununum segir að einstaklingar á vegum Votta Jehóva á Íslandi hafi hringt í þeim tilgangi að ræða um trúmál.

II.

Málsmeðferð

2.1. Bréf FST til Votta Jehóva á Íslandi

(3) Með bréfi FST, dags. 16. ágúst 2022, var Vottum Jehóva tilkynnt að stofnuninni hefði borist tvær kvartanir frá einstaklingum vegna óumbeðinna fjarskipta en afrit af þeim voru meðfylgjandi.

(4) Í bréfinu vakti FST athygli trúfélagsins á 46. gr. laga nr. 81/2003 um fjaraskipti (hér eftir fjarskiptalög), sem varðar óumbeðin fjaraskipti.

(5) Stofnunin bauð Vottum Jehóva að tjá sig um umræddar kvartanir og taka afstöðu til þess hvort umrædd símtöl hafi verið í samræmi við ákvæði 46. gr. fjaraskiptalaga, og ef svo væri þá var óskað eftir rökstuðningi þess efnis.

(6) Svarfrestur var veittur til 30. ágúst 2022 og framlengdi síðan stofnunin frestinn til 16. september 2022.

2.2. Svarbréf Votta Jehóva dags. 15. september 2022

(7) FST barst svar frá trúfélaginu, dags. 15. september 2022 en í því var greint frá því að Vottar Jehóva séu meðlimir í alþjóðlegu kristnu trúfélagi og það að deila fagnaðarboðskap Biblíunnar með öðru fólki væri óaðskiljanlegur þáttur í trú og trúarlífi Votta Jehóva. Nánar var tekið fram að boðun fagnaðarerindisins nyti verndar ákvæða um trúfrelsi og vísuðu til 63. og 73. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 og 9. og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

¹ Nafn kvartenda felld brott vegna trúnaðar.



(8) Varðandi hugtakið bein markaðssetning segir í bréfi trúfélagsins:

„Trúfélag Votta Jehóva á Íslandi sækir ekki að fólki með neina beina markaðssetningu og fær engan til að gera slíkt fyrir sína hönd. Okkur er ljóst að síðan COVID-19 faraldurinn skall á kunna einstakir safnaðarmeðlimir innan trúfélags Votta Jehóva að hafa notað símhringingar til að geta án nokkurrar smithættu náð sambandi við einstaklinga á sínu svæði og sinnt þar með sínu persónulega boðunarstarfi. Þetta hefur einnig gert þeim mögulegt að fylgja leiðbeiningum yfirvalda um að halda vissri fjarlægð frá öðrum einstaklingum. Hafi sú verið raunin eru þær símhringingar ekki að beiðni eða fyrir hönd trúfélags Votta Jehóva eða nokkurs annars lögaðila. Vottum Jehóva er ekki greitt fyrir þátttöku í trúarlegri þjónustu og er það starf að kenna öðrum það sem Biblían segir þar með talið. Með boðunarstarfinu er viðkomandi persónulega að tjá sína kristnu trú og löngun til að boða fagnaðarerindið um ríki Guðs eins og Jesús bauð að gera skyldi og skráð er í Biblíunni í Matteusi 28:19, 20.

Hvað sem öðru líður þá falla þessar símhringingar að engu leyti undir skilgreininguna á „beinni markaðssetningu“ samkvæmt 94. gr. (áður gr. 46) í fjarskiptalögum og þar af leiðandi ná þau lög ekki yfir þær vegna þess að starfsemi Votta Jehóva er einungis trúarlegs eðlis og hefur ekkert með viðskipti að gera. Starfsemi þeirra er ekki til kynningar vöru eða þjónustu. Starfsemin felur ekki í sér nokkra sölu eða markaðssetningu og þess er ekki vænst að viðtakendur fjarskiptanna geri eitthvað þegar einn af Vottum Jehóva hringir í þá. Þessu til frekari stuðnings má vísa til vefsíðu Fjarskiptastofu þar sem segir: „Hafi efni óumbeðinna fjarskipta ekki að geyma kynningu eða sölu á vörum eða þjónustu eða boð um slíkt og ekki má skilja efni þeirra þannig að ætlast sé til þess að móttakandinn bregðist við sendingunni eða símatalinu með tilteknum hætti þá telst slíkt ekki vera bein markaðssetning.“

Það er því ljóst að Vottar Jehóva stunda ekki „beina markaðssetningu“ og 94 grein (áður 46. grein) fjarskiptalaga á ekki við trúarstarfsemi þeirra.“

(9) Því næst vildi trúfélagið gera athugasemdir við innihald þeirra tveggja kvartana sem bárust FST. Trúfélagið taldi að kvartendur virtust halda að einstaklingar sem væru Vottar Jehóva væru að selja eitthvað og reyni jafnframt að fá þá sem meðlimir trúfélagsins hafa samband við til að skipta um trú, og að á þeim grunni virtust kvartendur líta á trúarstarfsemi Votta Jehóva sem „beina markaðssetningu“. Þá sagði:

„Eins og útskýrt er hér fyrir ofan eru [V]ottar Jehóva ekki að bjóða neitt til sölu þegar þeir hafa samband við fólk símleiðis eða á annan hátt. Þeir eru ekki heldur að reyna að snúa fólki til annarrar trúar.“

Í þessu samhengi vísaði trúfélagið í bréfi sínu til greinar í opinberu vefsetri Votta Jehóva sem heitir „Do Jehovah’s Witnesses Pressure People to Change Religions“ og millifyrirsögnina „Is our work proselytism?“



(10) Þá vildi trúfélagið fullyrða að trúarstarfsemi Votta Jehóva falli utan áhrifasviðs fjarskiptalaga og að ekki yrði með neinu móti litið á hana sem „beina markaðssetningu“.

2.3. Tölvupóstur FST til Votta Jehóva, dags. 21. september 2022

(11) Þann 21. september tilkynnti FST að stofnunin myndi nú taka afstöðu til þeirra krafna, sjónarmiða, málsástæðna og lagatilbúnaðs sem kæmu fram í málatilbúnaði málsaðila.

III.

Forsendur og niðurstaða

3.1. Lagaumhverfi

3.1.1. Almenn

(12) Lög um fjarskipti nr. 81/2003 eru nú fallin úr gildi og ný lög um fjarskipti nr. 70/2022 hafa leyst þau af hólmi með gildistöku frá 1. september síðastliðnum. Þar sem kvartanirnar bárust FST í gildistíð eldri fjarskiptalaga fer um úrlausn málsins samkvæmt eldri lögum.

(13) FST er sú stofnun sem annast stjórnslu og framkvæmd á fjarskiptalögum, sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Leysir stofnunin úr ágreiningi aðila um túlkun og beitingu fjarskiptalaga. Samkvæmt 17. gr. laganna geta neytendur fjarskiptaþjónustu beint kvörtun til stofnunarinnar ef fjarskiptafyrirtæki brýtur gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi.

(14) Þrátt fyrir að ákvæði 17. gr. laganna vísi til þess að stofnunin leysi úr ágreiningi neytenda við fjarskiptafyrirtæki tekur stofnunin til meðferðar kvartanir sem varða brot á 46. gr. fjarskiptalaga, óháð því hver á í hlut. Helgast sú framkvæmd af almennu eftirlitsvaldi stofnunarinnar með áðurgildandi lögum, nr. 81/2003, um fjarskipti, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Má einnig benda á í þessu sambandi að viðurlög við brotum gegn ákvæðum IX. kafla laganna, sem 46. gr. er hluti af, eru ekki aðeins takmörkuð við fjarskiptafyrirtæki, sbr. 74. gr. þeirra laga.

(15) Afskipti FST af málum um óumbeðin fjarskipti hafa falist í því að uppfræða fyrirtæki um þær reglur sem gilda um óumbeðin fjarskipti og í þeim málum þar sem ágreiningur er uppi um hvort fjarskipti hafi verið í samræmi við 46. gr. fjarskiptalaga hefur FST skorið úr um þeim ágreiningi með ákvörðun. Í því sambandi er m.a. höfð hliðsjón af 2. mgr. 17. gr. laga um Fjarskiptastofu þar sem aðeins er gert ráð fyrir ákvörðun FST ef ágreiningur er til staðar.

3.1.2. Óumbeðin fjarskipti

(16) Í svarbréfi trúfélagsins kom fram að boðun fagnaðarerindisins njóti verndar ákvæða um trúfrelsi og vísa í 63. og 73. gr. stjórnarskrár Íslands og 9. og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Það er ekki hlutverk stjórnvalda að skera úr um mörk á milli trúfrelsis og friðhelgi einkalífs, en hvort tveggja eru grundvallarréttindi sem varin eru af stjórnarskránni. Slíkt úrskurðarvald er á hendi dómstóla. Samkvæmt þessu fjallar FST ekki um það hvort boðun fagnaðarerindis Biblíunnar sé undanþægt ákvæði fjarskiptalaga um óumbeðin fjarskipti.



(17) Ákvæði 46. gr. fjarskiptalaga er ætlað að vernda einkalíf áskrifenda og byggir greinin að mestu leyti á 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 2002/58/EB, um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta.²

(18) Með tilskipun nr. 2002/58/EB (og forvera hennar) voru meginreglur, sem settar voru fram í tilskipun nr. 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, yfirfærðar í sérstakar reglur á sviði fjarskipta og eru ákvæði hennar viðbót og ítarlegri umfjöllun um ákvæði síðarnefndu tilskipunarinnar, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 4. lið inngangsorða tilskipunar nr. 2002/58/EB. Þá kemur jafnframt fram í 48. lið inngangsorða hennar að við beitingu tilskipunarinnar getur verið gagnlegt að líta til reynslu starfshóps um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga sem settur var á fót á grundvelli 29. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB (svonefndur 29. gr. starfshópur), sbr. 30. gr. hennar og 3. mgr. 15. gr. tilskipunar nr. 2002/58/EB.

(19) Ákvæði 46. gr. fjarskiptalaga fjallar um óumbeðin fjarskipti og er þar að finna reglur sem varða beina markaðssetningu í formi sjálfvirkra upphringikerfa án mannlegrar íhlutunar, símbréfataekja, tölvupósts og rafrænna skilaboða. Þá er í lokamálsgrein ákvæðisins að finna reglu er varðar notkun almennar tal- og farsímabjónustu sem lið í markaðssetningu. Í ákvæðinu segir:

„Notkun sjálfvirkra uppkallskerfa, símbréfa eða tölvupósts, þ.m.t. hvers konar rafrænna skilaboða (SMS og MMS), fyrir beina markaðssetningu er einungis heimil þegar áskrifandi hefur veitt samþykki sitt fyrir fram.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota tölvupóstfang við sölu á vörum eða þjónustu fyrir beina markaðssetningu á eigin vörum eða þjónustu ef viðskiptavinum er gefinn kostur á að andmæla slíkri notkun tölvupóstfanga þeim að kostnaðarlausu þegar skráning á sér stað og sömuleiðis í hvert sinn sem skilaboð eru send hafi viðskiptavinurinn ekki þegar í upphafi hafnað slíkri notkun.

Að öðru leyti en mælt er fyrir í 1. og 2. mgr. eru óumbeðin fjarskipti í formi beinnar markaðssetningar óheimil til þeirra áskrifenda sem óska ekki eftir að taka á móti þeim.

Óheimilt er að senda tölvupóst sem þátt í beinni markaðssetningu þar sem nafn og heimilisfang þess sem stendur að markaðssetningu kemur ekki skýrt fram.

Þeir sem nota almenna tal- og farsímabjónustu sem lið í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar símhringingar í símanúmer sitt. Áskrifandi á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu til grundvallar.“

² Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 2002/58/EB felldi úr gildi eldri tilskipun, nr. 97/66/EB, þar sem sambærilegt ákvæði var að finna í 12. gr. tilskipunarinnar.



3.2. Gildissvið 46. gr. fjarskiptalaga og bein markaðssetning

(20) Ákvæði 46. gr. fjarskiptalaga nær eingöngu til fjarskipta sem varða markaðssetningu og afmarkast gildissvið ákvæðisins við túlkun á því hugtaki, en hvorki er að finna skilgreiningu á hugtakinu *bein markaðssetning* í íslenskum lögum né í framangreindri tilskipun nr. 2002/58/EB. Í gegnum ákvarðanir Fjarskiptastofu hefur skapast mikil reynsla af framkvæmd 46. gr. laganna og þannig má nefna að hugtakið bein markaðssetning hefur verið túlkað rúmt af hálfu stofnunarinnar, enda er ákvæðinu ætlað að vernda friðhelgi einkalífs notenda fjarskiptaþjónustu. Þetta er í samræmi við álit áður nefnds 29. gr. starfshóps, nr. 5/2004 að samkvæmt 13. gr. tilskipunar nr. 2002/58/EB, nái hugtakið yfir hvers kyns markaðsátaks, þ.á.m. beina markaðssetningu hjálparstofnana og stjórnmalaflokka.³ Fjarskiptin þurfa ekki að vera framkvæmd í hagnaðarskyni til þess að teljast bein markaðssetning. Miðað hefur verið við það að ef markmið þess aðila sem stendur fyrir óumbeðnum fjarskiptum er að fá móttakanda til þess að aðhafast eitthvað eða skuldbinda sig með einhverjum hætti þá falli tilvikið undir ákvæðið.

(21) Í álit Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar nr. 6/2017 er fjallað um gildissvið óumbeðinna fjarskipta í fyrirhugaðri tilskipun um friðhelgi einkalífs og rafræn fjarskipti (svonefnt e-Privacy Directive) kemur fram að útvíkka ætti gildissvið ákvæðisins þar sem að sumar tegundir fjarskipta á vegum stjórnmalaflokka, trúfélaga og góðgerðarstofnana ætti að skilgreina sem óumbeðin fjarskipti og njóta verndar ákvæða um óumbeðin fjarskipti. Stofnunin nefnir sem dæmi þau tilvik þegar stjórnmalaflokkar leita eftir framlögum eða þegar kynna á pólitískar, trúarlegar eða aðrar skoðanir.

(22) Bein markaðssetning getur einnig falið í sér að aðilar séu að koma sér á framfæri og kynna hlutverk, hugmyndir og starfsemi aðila, s.s. þegar stjórnmalaflokkar setja sig í samband við einstaklinga til að kynna sjónarmið sín eða óska eftir stuðningi hvort heldur sé með kosningu eða styrk.

(23) Enn fremur er lagður víðtækur skilningur hvað varðar efni skilaboða sem teljast til beinnar markaðssetningar. Það er ekki eingöngu kynning á vörum og þjónustu í viðskiptalegum tilgangi sem fellur þar undir, heldur tekur bein markaðssetning til allra skilaboða þar sem tilgangur þeirra er að fá viðtakanda þeirra til að aðhafast eitthvað, t.d. taka þátt í einhverju, styðja eitthvað o.s.frv. Þessi skilningur endurspeglast í fyrri ákvörðunum FST.⁴

3.3. Framfylgdarheimildir vegna óumbeðinna fjarskipta

(24) Stjórnvöld geta lagt stjórnvaldssektir á aðila vegna brota á lögum sem þau hafa eftirlit með, ef sérstaklega er mælt fyrir um slíka sektarheimild í lögum. Í lögum um fjarskipti nr. 81/2003 er ekki að finna almenna heimild fyrir FST til að leggja á stjórnvaldssektir, heldur er slík sektarheimild bundin við tiltekin ákvæði laganna.

³ Opinion 5/2004 on unsolicited communications for marketing purposes under Article 13 of Directive 2002/58/EC frá 27. febrúar 2004. Bls. 7

⁴ Sjá t.d. ákvarðanir PFS nr. 22/2009 og nr. 13/2015 og úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 5/2009



(25) Til viðbótar við heimildir og viðurlög sem kveðið er á um í fjarskiptalögum og lögum um Fjarskiptastofu, gilda einnig viðeigandi ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 um málsmeðferð vegna 46. gr. fjarskiptalaga. Er 74. gr. b. fjarskiptalaga svohljóðandi:

„Ef brotið er gegn ákvæðum 46. gr. gilda ákvæði 20. gr. a–b, 2. mgr. 21. gr. c, 22.–25. gr. a og 27. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, um málsmeðferð og heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að framkvæma vettvangskönnun og prufukaup, grípa til aðgerða, leggja á sektir og dagsektir og krefjast lögbanns.

Ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar skv. 1. mgr. verður skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.“

3.4. Niðurstaða

3.4.1. Aðild

(26) Þrátt fyrir að það komi ekki fram með beinum orðum í svari trúfélagsins að það telji að um aðildarskort sé að ræða í þessu máli þá verður umsögn félagsins ekki skilin með öðrum hætti og verður því fjallað um aðild hér.

(27) Vottar Jehóva héldu því fram að trúfélagið sæki ekki að fólki með beinni markaðssetningu og fái engan til að gera slíkt fyrir sína hönd. Trúfélagið viti af því að einstakir safnaðarmeðlimir væru að nota símhringingar fyrir trúboðun vegna Covid-19 faraldursins en slíkt hafi ekki verið að beiðni eða fyrir hönd trúfélagsins. Þá segir í svari þess að Vottar Jehóva fái ekki greitt fyrir þátttöku í trúarlegri þjónustu og þar með talið því starfi að kenna öðrum það sem Biblían segir. Þessar athugasemdir um trúarlega þjónustu og kennslustarf verða þó ekki skildar með öðrum hætti en að hér sé að ræða um trúarlega þjónustu og starf sem safnaðarmeðlimir sinna fyrir hönd trúfélagsins Votta Jehóva. Þá er einnig að finna efni á vefsíðu trúfélagsins sem styður þann skilning en þar er til að mynda fjallað um boðunarátak sem Vottar Jehóva efna til⁵, hvatningu um að safnaðarmeðlimir leggi sig fram við boðun trúarinnar ásamt leiðbeiningum og tillögum um umræðuefni við boðun.⁶ Trúboðunarstarfsemin virðist vera skipulögð, samræmd og hvött af samfélagi Votta Jehóva á Íslandi.

(28) Á vefsíðu Votta Jehóva á Íslandi má síðan finna upplýsingar um árangursríka símaboðun sem hvetur meðlimi til að boða trúna með því að hringja í fólk og útskýrir hvernig sé hægt að framkvæma slíka boðun.⁷ Þar kemur fram á vefsíðunni að á meðan faraldurinn geisaði hefði trúfélagið byrjað að boða trúna nær eingöngu með bréfaskriftum og með því að hringja í fólk.⁸

⁵ Boðunarátak í nóvember til að segja frá ríki Guðs. Líf okkar og boðun – vinnubók fyrir samkomur. Október 2020, bls. 8.

⁶ Leggðu þig fram við að boða trúna. Líf okkar og boðun – vinnubók fyrir samkomur. Júlí-ágúst 2022, bls. 2

⁷ Símarstarf getur verið árangursríkt. Ríkisþjónusta okkar – 2009. Varðturninn vefbókasafn. Sjá einnig: Árangursrík símaboðun. Ríkisþjónusta okkar – 2001. Varðturninn vefbókasafn.

⁸ Námsgrein 29. Styðjum leiðtoga okkar, Jesú. Varðturninn. Námsgreinar fyrir 5. september- 2. október 2022. Júlí 2022, bls. 13.



(29) Hvað varðar það sjónarmið að Vottar Jehóva fái ekki greitt fyrir þátttöku í trúarlegri þjónustu þá er það ekki skilyrt í fjarskiptalögum að þeir aðilar sem sinna eiginlegri markaðssetningu fyrir hönd annars þurfi að fá greitt fyrir vinnu sína. Má í þessu sambandi benda á að algengt er að sjálfboðaliðar inna slíka vinnu af hendi í þágu góðgerðarfélaga eða stjórnmalaflokka. Þá hefur stofnunin litið svo á að sá aðili sem stendur að baki beinni markaðssetningu beri endanlega ábyrgð á því að rétt sé staðið að framkvæmdinni þrátt fyrir að um aðkeypta þjónustu frá öðrum aðila sé að ræða. Ekki er nauðsynlegt að aðilar sem sinna úthringingum þurfi að fá greitt fyrir vinnu sína.⁹

(30) Samkvæmt framangreindu verður að telja að kvörtun kvartenda sé réttilega beint að trúfélaginu Vottum Jehóva á Íslandi sem telst vera aðili þessa stjórnsýslumáls.

3.4.2. Bein markaðssetning

(31) Í 42. lið inngangsorða tilskipunar nr. 2002/58/EB er sérstaklega tekið fram að hvað varðar aðrar tegundir beinnar markaðssetningar, s.s. símtöl, geti aðildarríki haft við lýði kerfi sem veitir áskrifendum möguleika á að tilgreina að þeir vilji ekki fá slík símtöl í símanúmer sín, sbr. bannskrá hér á landi. Aftur á móti, og til að draga ekki úr neytendavernd geti aðildarríki, þar sem jafnframt er krafist fyrirfram samþykkis fyrir þessa tegund markaðssetningar, viðhaldið þeirri aðferð.

(32) Hér á landi valdi löggjafinn þá leið, sbr. 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga, að hafa svokallaða bannmerkingu í símaskrá, þ.e. að áskrifendur þurfa að óska eftir því að fá ekki símtöl sem eru liður í markaðssetningu aðila. Slíkt efnislega samhljóða ákvæði hefur verið í íslenskum lögum frá gildistöku laga, nr. 107/1999, um fjarskipti, sbr. 4. mgr. 34. gr. þeirra.

(33) Í athugasemdum við frumvarp er varð að lögum nr. 81/2003 var ekki að finna frekari skýringar á framangreindu ákvæði en að það byggir á 4. mgr. 34. gr. laga nr. 107/1999, en um ákvæðið segir í athugasemdum við frumvarp er varð að þeim lögum að ákvæðinu sé „...ætlað að vernda símnotendur sem þess óska fyrir seljendum vöru og þjónustu sem hyggjast markaðssetja vörur sínar með símhringingum“.

(34) Út frá skýru orðalagi ákvæðisins og lögskýringargögnum er ljóst að með ákvæðinu er leitast við að vernda einstaklinga, sem það kjósa, fyrir ágangi aðila sem hyggjast nýta símhringingar sem lið í markaðssetningu. Þannig kemur ákvæðið ekki í veg fyrir að haft sé samband við einstaklinga af öðru tilefni og kemur brot á því einungis til álita ef símtal er liður í markaðssetningu aðila. Þá er einnig vert að nefna að ekki er að finna undanþágu frá ákvæðinu sambærilegri þeirri undanþágu sem er að finna í 2. mgr. 46. gr. laganna varðandi aðila í viðskiptasambandi.

(35) Þótt ákvæði 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga sé óundanþægt verður að telja að einstaklingur geti ávallt, með upplýstu samþykki sínu, veitt heimild til að haft sé samband við hann símleiðis

⁹ Fjarskiptastofa. Óumbeðin fjarskipti – Hvaða reglur gilda? Hver ber ábyrgð, fyrirtækið eða úthringiþjónustan? Sótt af <https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/stjornsysla/oumbedin-fjarskipti-hvada-reglur-gilda/>



fyrir markaðssetningu. Verður það þó að byggja á skýru samþykki viðkomandi til ákveðins aðila, t.d. viðskiptaaðila hans, sem jafnframt ber þá sönnunarbyrði fyrir öflun slíks samþykkis.

(36) Ágreiningur í þessu máli lýtur að því hvort brotið hafi verið gegn ákvæði 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga þegar kvartendum bárust símtöl frá fulltrúum Votta Jehóva, dags. 4. og 8. júlí 2022. Símanúmer beggja kvartenda eru merkt með þeim hætti í símaskrá að gefið er til kynna að þeir vilji ekki fá símtöl sem eru liður í markaðssetningu aðila.

(37) Trúfélagið mótmælir því að þessar símhringingar falli undir skilgreiningu á beinni markaðssetningu samkvæmt 46. gr. fjarskiptalaga og að löggin nái ekki utan um símtölin þar sem starfsemi Votta Jehóva er einungis trúarlegs eðlis og hafi ekkert með viðskipti að gera. Trúfélagið hélt því fram að starfsemi þess sé ekki til kynningar vöru eða þjónustu, feli ekki sér nokkra sölu eða markaðssetningu og að ekki sé vænst að viðtakendur fjarskiptanna geri eitthvað þegar einn af Vottum Jehóva hringir í þá.

(38) Hér að ofan hefur verið rakið að bein markaðssetning getur m.a. falið í sér að koma á framfæri og kynna hlutverk, hugmyndir og starfsemi aðila. Að mati FST geta fjarskipti í þessum tilgangi fallið undir það að vera bein markaðssetning. Eins og hér háttar til telur FST að umrædd símtöl fólu í sér kynningu á trúarlegum skoðunum og starfsemi Votta Jehóva og teljist þannig vera bein markaðssetning í skilningi 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

3.4.3. Krafa um beitingu viðurlaga

(39) Annar kvartenda fór fram á að FST leggi fjársekt á Votta Jehóva á Íslandi.

(40) Hvað varðar óumbeðin fjarskipti hefur almennt eftirlitshlutverk FST falið í því að leiðbeina fyrirtækjum, lögaðilum og einstaklingum um gildandi lagaákvæði og reglur um óumbeðin fjarskipti. Hins vegar verður almennt að telja að forsenda fyrir beitingu viðurlaga sé þegar brot er alvarlegt, umfangsmikið, endurtekið, hefur staðið yfir í langan tíma eða ef sama aðila hefur verið leiðbeint áður án árangurs. Upplýsingar um eðli brotsins samkvæmt framangreindu liggja ekki fyrir í þessu máli. Með hliðsjón af því að rýmkandi skilningur er lagður á hugtakið „bein markaðssetning“ í þessu máli verður telja að það gefi síður tilefni til beitingu viðurlaga.

(41) Að framangreindu virtu telur FST, eins og hér háttar til, að ekki komi til álita að leggja stjórnvaldssekt á Votta Jehóva á Íslandi.

Ákvörðunarorð

- 1. Vottar Jehóva á Íslandi braut gegn 5. mgr. 46. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 þegar safnaðarmeðlimir trúfélagsins hringdu í bannmerkt símanúmer kvartenda.**
- 2. Vottum Jehóva á Íslandi verður ekki gerð sekt vegna brots samkvæmt 1. tölulið ákvörðunarorða.**



3. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Fjarskiptastofa, 28. nóvember 2022

Hrafnkell V. Gíslason

Anna María Reynisdóttir